

Krummadeild

Fimm litlir apar

Fimm litlir apar sátu uppi í tré,
þeir voru að stríða krókódíl:
„Þú nærð ekki mér!“
Þá kom hann herra Krókódíll
svo hægt og rólega og ... amm!

Fjórir litlir apar ...

Þrjú litlir apar ...

Tveir litlir apar ...

Einn lítill api ...

Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Litli fingur, litli fingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Meistari Jakob

Meistari Jakob, meistari jakob
Sefur þú, sefur þú
Hvað slær klukkan, hvað slær klukkan?
Hún slær þrjú, hún slær þrjú.

Fyrst á réttunni

Fyrst á réttunni, svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla.

Fyrst á réttunni, svo á röngunni
tjú, tjú, trallalla.

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn
:,:Komdu nú og kroppaðu með mér
Krummi nafni minn. :,:

Dúkkán hennar Dóru

Dúkkán hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.
Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt
hann bankaði á hurðina rattatata.
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus,
Hún strax skal í rúmið og ekkert raus.“
Hann skrifaði á miða hvaða pillu hún skildi fá.
Ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik þá.“

Dansi dansi dúkkan mín

Dansi, dansi dúkkan mín.
Dæmalaust er stúlkan fín.
Voða fallett hrokkið hár,
hettan rauð og kjóllinn blár.
Svo er hún með silkiskó,
sokka hvíta eins og snjó.
Heldurðu' ekki' að hún sé fín?
Dansi, dansi dúkkan mín.

Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði upp í tré
þá kom rigning og Kalli litli datt.
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,
Kalli litli kónguló klifraði upp í topp.

Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
þar leika allir saman,
þeir leika úti og inni og allir eru með.
Þeir hnoða, leira og lita,
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir í leikskólanum hér.

Allir krakkar

Allir krakkar, allir krakkar
eru í skessuleik.
Má ég ekki mamma
með í leikinn þamma?
Mig langar svo, mig langar svo
að lyfta mér á kreik.

Smiðurinn

Ég negli og saga
og smíða mér bát
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.
Og báturinn vaggar
og veltist um sæ
ég fjörugum fiskum
með færinu næ.

Sá ég spóa

Sá ég spóa suðu'r í flóa,
syngur lóa út í móa.
Bí, bí, bí, bí.
Vorið er komið víst á ný.